

**Nd.**

**593. Breytingartillaga**

[55. mál]

við frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

9. gr. orðist svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.
- b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heima-  
vist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra fjárveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við megin stefnu 5. gr. þessara laga svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu, skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af menntamálaráðherra, en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skulu starfa skólaráð, skipuð fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra.